

Kaupmannahöfn, 15. marz, 1939.

glaðst
Hr. Þjóðminjavörður Matthias Órðarson,

Pakka yður fyrir bréf yðar frá 23.f.m. Mér þótti leitt að geta ekki fengið tækifæri til að vinna með yður í sumar, en hins vegar skil ég aðstöðu yðar mæta vel og þakka yður fyrir það, sem Þér hafið gert fyrir mig í þessu málí. Daginn eftir að ég fékk bréf yðar, fór ég til Roussell til að segja honum, hvað Þér hefðuð skrifað. Sagði hann mér þá, að hann hefði skipt um skoðun og vildi nú gjarnan hafa mig með sem aðstoðarmann. Ég tók þessu boði, af því að eg ekki þorði að treysta á, að Þér fengjuð viðbótarfjárveitingu. Og þó að Þér fáið hana, þykist ég vita, að ekki muni veita af henni til einhverra annarra hluta. Kostnaður við Petta allt verður vafalaust eigi lítill.

Eftir því sem ég veit bezt, mun Roussell skrifa yður með þessari ferð til að segja yður fyrirætlunar sínar. Hann hefir ekkert á móti því að byrja snemma í júlí, en af því að hann þarf að bregða sér til Orkneyja, getur hann ekki komið með Drottningunni, og kemur því sennilega með Brúarfoss, sem siglir héðan 1. júlí. Í byrjun júlí ættum við þannig allir að geta verið komnir saman í Reykjavík.

Nú er hitt og Petta, sem Roussell mjög gjarnan vill fá að vita, aður en hann leggur upp, einkanlega, hvernig hægast sé að lifa í Þjórsárdalnum, hve dýrt sé að gista á Ásólfssþöðum o.fl. Það varðar nefnilega miklu fyrir hann að vita Petta, svo að hann geti búið sig með farangur að heiman eftir því. En vonandi spyr Roussell yður sjálfur þess sem hann vill vita, svo að óþarfi er að endurtaka það.

Einnig býst ég við að Roussell vildi gjarnan heyra, hvernig Þér hafið hugsað yður fyrirkomulag rannsóknanna í stórum dráttum. Sjálfur telur hann heppilegast, að við skiptum okkur niður á fleiri þei íeинu. En um það er nógur tími að tala seinna. Að öllu sjálfráðu ætti Petta að geta orðið hið ánægjulegasta. Ég hlakka til.

Með beztu kveðjum,

Virðingarfyllst,

Kristján Elgjálm.